

— *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um endurgjald á brennivinstolli.* — Eptir að jeg hafði sent ráðgjafanum fyrir Ísland rannsóknargjörðir herra bæjarfógetans frá 29. nóvbr. og 1. desbr. f. á, um leka á 374 pottum brennivíns úr 7 árum, er kaupmaður E. Siemsen í Reykjavík hafði meðtekið með póstskipinu í síðustu ferð þess í fyrra — hefir ráðgjafinn 13. f. m. samþykkt, að nefndum kaupmanni verði endurgoldinn tollur sá, sem hann hefir greitt fyrir tjeð brennivín, með 62 kr. 33 aur.

Þetta er hjer með tjáð yður, herra bæjarfógeti, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyrfrvaldanna um stjórn lækna sjóðsins.* — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 26. f. m. samkvæmt tillögum mínum samþykkt, að stjórn á eigum hins íslenska lækna sjóðs leggist undir landshöfðingja, að tekjurnar af spítalagjaldi því, er sjóðnum ber og af jörðum hans verði af hlutaðeigandi gjaldheimtumönnum greiddar beinlínis í jarðabókarsjóðinn — en reikningana skal senda landshöfðingja til að afhenda hlutaðeigandi endurskoðunarmanni, og að gjöld þau, er hvila á sjóðnum, greiðist beinlínis úr jarðabókarsjóðnum samkvæmt nánari skipun landshöfðingja; og óðlast breytingar þessar gildi 1. júlí þ. á.

Jafnframt því að tilkynna þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar, skal jeg þjónustusamlega mælast til þess, að stiptsyrfrvöldin hlutist til um, að fjármunir lækna sjóðsins verði afhentir mjer næstkomandi 1. júlí með reikningslegu yfirliti yfir tekjur og gjöld sjóðsins frá því að síðasti ársreikningur var gjörður, og tjái öllum gjaldheimtumönnum nauðsynlegar fyrirskipanir um að senda eptirleiðis landshöfðingja reikninga sína og að greiða gjöldin beinlínis í jarðabókarsjóðinn. Loksins vona jeg, að öllum skuldunautum sjóðsins verði tilkynnt, að þeir eigi eptirleiðis að greiða í jarðabókarsjóðinn bæði vexti og borgun upp í höfuðstól.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyrfrvaldanna um styrk handa stúdentum við háskólann í Kaupmannahöfn.* Eptir að ráðgjafinn fyrir kirkju og kennslumál ríkisins og ráðgjafinn fyrir Ísland höfðu skrifað á um það, var meðal athugasemdanna við 1. útgjaldagrein «kommunitetsins» í frumvarpinu til fjárlaga fyrir 1876—77 gjörð tillaga um, að leyft verði að verja þeim 800 kr., er veittar eru stúdentum, sem hafa forgangsrjett til styrks, en eru umfram hina vanalegu tölu, (sbr. 2. gr. reglugjörðar 11. febr. 1848), þannig, að upphæð þessi yrði höfð í ölmusur, einnig handa íslenskum stúdentum, er 1. töluliður 4. gr. reglugjörðarinnar yrði eigi heimfærður til, en samt væri sjerstök ástæða til að veita slíkan styrk, (og getur nefndur greinarliður að eins um stúdentu þá, sem koma til háskólans, undir eins og þeir hafa leyst af hendi burifararpróf við hinn lærða skóla Reykjavíkur). Þetta mun eptir því, er ráðgjafinn fyrir kirkju og kennslustjórnina hefir skýrt frá, nú geta átt sjer stað, þar sem ekki hefir verið fundið neitt að þessum athugasemdum, þá er fjárlögin voru rædd á ríkisþinginu.

Jafnframt því þjónustusamlega að tilkynna þetta samkvæmt brjefi ráðgjafans fyrir Ísland frá 27. f. m. til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, skal jeg mælast til þess, að stiptsyrfrvöldin leggi fyrir forstöðumann hins lærða skóla í Reykjavík, að tjá á hverju ári lærisveinum þeim, er leyst hafa af hendi burifararpróf, að, eins og bent var á, forgangsrjettur sá, sem veittur er hinum íslensku stúdentum með 1. lið 4. gr. reglugjörðarinnar